

Athugasemd.

Eitt af því sem hr. Einar Arnórsson hefir á hornum sér í næstsíðustu „Fjallkunu“ er Skírnisgrein er nefnist Kveldræður; samtalssnið er á greininni af því að ég gat þannig haganlegast komið að ýmsu sem ég vildi segja. Hr. E. A. finst þetta „útúrdúrar“ og „óþarfar umbúðir“, en greinin tilgerðarleg.

Eg fæ ekki betur séð en að þetta sé hreinn og beinn sleggjudómur og að flest hefði mátt finna að greininni fremur. Hví skyldi það vera tilgerð og útúrdúrar að bregða fyrir sig hér í fássinnu sömu aðferðinui sem stundum hafa notað hinir mestu ritstillingar eins og t. a. m. á síðari tínum Renan, Anatole France, Schopenhauer og Nietzsche. Það ritstjóranum er ef til vill ókunaugt um þetta; mikil b'kmentapekking verður ekki héimtuð af manni sem hefir stundað laganám jafn kappsamlega og hann, en lokið prófi ekki alls fyrir löngu.

Það virðist ekki alveg óalgeng trú, að einlægur og einarður vilji til að lasta sé það, sem fyrst og fremst skapar góðan ritdómara. Þetta er misskilningur. Það sem ritdómara riður mest á er að kunna að lesa. En sú list er alt annað en auðlærð.

Helgi Pjetursson.

Ítrugðarsíða
1907